

Skipulagssvið
Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík 21. febrúar 2018
UST201802-065/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Kársneshöfn, Vesturvör 38 til 50 í Kópavogi

Vísað er til erindis skipulagssviðs Kópavogsbæjar er barst 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lóðanna Vesturvör 40 – 50 og lóðarinnar 38. Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er óbyggt landfyllingarsvæði.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að ofangreind tillaga að breytingu nær til lóðanna Vesturvör 44 – 48, Vesturvör 40 - 42 og Vesturvarar 38 og Vesturvarar 50. Einnig kemur fram að mestar breytingar eru áætlaðar á lóðinni Vesturvör 44-48 og skilmálum hennar.

Minnisblað

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um framkvæmdatíma og landmótun. Þar kemur fram að sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar ef varpa á efnum í hafið. Einnig kemur fram að skoða þarf hvort landmótun og landfyllingar falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Heitt vatn

Í greinargerð skipulagsins er ekki fjallað um áætlaða starfsemi á svæðinu, en í lok minnisblaðs kemur fram að starfsemi bygginga á lóðinni krefjist mikillar nýtingar á heitu vatni. Einnig kemur fram að hafa þurfi í huga hvernig afrennsli og íblöndun heits vatns við sjó verði háttað og framkvæmdin verði í samráði við Heilbrigðiseftirlitið. Umhverfisstofnun tekur undir það og minnir á að gera þarf grein fyrir allri efnanotkun og þá sérstaklega ef um notkun á klór er að ræða.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að Skerjafjörður innan bæjarmarka Kópavogs var friðlýstur sem búsvæði á tveim svæðum, árið 2012. Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla.


Í samningi um umsjón og rekstur svæðisins kemur fram að Umhverfisstofnun, Kópavogsbær og Náttúrufræðistofa Kópavogs í umboði Kópavogsbæjar gera með sér

samning um umsjón og rekstur verndarsvæðis Skerjafjarðar innan marka Kópavogsbæjar. Í samningnum kemur fram að Skerjafjarðarsvæðið í heild hefur alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda svo sem rauðbrystings og margæsar en þar er líka að finna lífríkar þangfjörur, leirur og grunnsævi sem skapa undirstöðu fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að Náttúrustofa Kópavogs fá breytingartillöguna til umsagnar vegna mögulegra áhrifa af t.d. heitu frárennsli á búsvæði í Fossvogi.

Skipulag við ár, sjó og vötn

Umhverfisstofnun bendir á að í breytingartillögu er göngustígur meðfram Vesturvör 44-48 ekki áætlaður sjávarmegin, heldur er hann staðsettur austan við bygginguna meðfram byggingarreit sem er ekki aðlaðandi fyrir aðkomu almennings. Einnig bendir stofnunin á að göngustígur er milli bílastæða og byggingarinnar sjálfrar, alveg upp við byggingarreitinn, sem mun ekki virka hvetjandi fyrir útivistarfólk á göngu um Kársnesið. Umhverfisstofnun minnir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14 : Skipulag við vötn, ár og sjó. „**Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennigur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.**“ Að mati Umhverfisstofnunar tekur núgildandi deiliskipulag svæðisins sem var samþykkt 13. júlí 2017, betur tillit til ofangreinds ákvæðis í skipulagsreglugerð, en í því deiliskipulagi er aðkoma almennings eftir stíg sem er meðfram ströndinni.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Rake S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur